

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. maí 1991.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.Jón B. Jónasson.**GJALDSKRÁ****fyrir Bifreiðaskoðun Íslands hf.**

Gjöld fyrir skráningu ökutækja og skráningarmarki, svo og fyrir skoðun ökutækja, sbr. 64. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, eru ákveðin sem hér segir:

1. gr.

Gjald fyrir skráningu ökutækja.

	Kr.
1. Nýskráning	4 400
2. Skráning eigendaskipta	1 850

2. gr.

Gjald fyrir notkun reynslumerkis.

Fyrir notkun reynslumerkis ber að greiða 10 000 kr. á ári. Nú er notkun reynslumerkis leyfð í styttri tíma en eitt ár og greiðir eigandi ökutækis þá fyrir notkun 600 kr. fyrir hvern dag eða hluta úr degi sem hann hefur reynslumerkið í sinni vörslu. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

3. gr.

Gjald fyrir skráningarmarki ökutækja.

Skráningarmarki, hvert merki	2 500
--	-------

4. gr.

Gjald fyrir almenna skoðun ökutækja.

1. Skoðun bifreiðar, minni en 5000 kg að leyfðri heildarþyngd	2 230
2. Skoðun bifreiðar, 5000 kg að leyfðri heildarþyngd eða meira	4 460
3. Mengunarmæling á útblæstri bifreiðar	330
4. Skoðun bifhjóls	2 230
5. Skoðun létts bifhjóls	700
6. Skoðun eftirvagna, minni en 5000 kg að leyfðri heildarþyngd	2 230
7. Skoðun eftirvagna, 5000 kg að leyfðri heildarþyngd eða meira	4 460

Skoðunargjald vegna ökutækis sem fært er til almennrar skoðunar þegar liðnir eru tveir mánuðir frá skoðunarmánuði skal vera 20% hærri.

5. gr.

Gjald fyrir endurskoðun ökutækja.

Gjald fyrir endurskoðun ökutækis í framhaldi af almennri skoðun:

	Kr.
1. Endurskoðun bifreiðar, minni en 5000 kg að leyfðri heildarþyngd	900
2. Endurskoðun bifreiðar, 5000 kg að leyfðri heildarþyngd eða meira	1 800
3. Mengunarmæling á útblæstri bifreiðar	330
4. Endurskoðun bifhjóls	900
5. Endurskoðun létts bifhjóls	285
6. Endurskoðun eftirvagns, minni en 5000 kg að leyfðri heildarþyngd	900
7. Endurskoðun eftirvagns, 5000 kg að leyfðri heildarþyngd eða meira	1 800

Skoðunargjald vegna ökutækis sem fært er til endurskoðunar þegar liðinn er frestur sem veittur var til að færa ökutækið til endurskoðunar skal vera 20% hærra.

6. gr.

Gjald fyrir sérskoðun ökutækja.

1. Skráningarskoðun (sérviðurkenning)	5 300
2. Skráningarskoðun innflutts ökutækis, ef ökutækið er hluti af búslóð eiganda	2 230
3. Skoðun breytts ökutækis	11 800
4. Skoðun ökutækis fyrir aksturskeppni	1 140

7. gr.

Gjald fyrir skoðun ökutækis sem að kröfu lögreglu er fært til sérstakrar skoðunar er hált gjald fyrir almenna skoðun. Ef skráningarmerki hafa verið tekin af ökutæki vegna vanbúnaðar skal greiða fullt gjald.

8. gr.

Fyrir gerðarviðurkenningu greiðist gjald samkvæmt reikningi.

Nú er þörf á sérstaklega umfangsmikilli skoðun á ökutæki og er þá heimilt að áskilja greiðslu kostnaðar við þá skoðun samkvæmt reikningi.

9. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Bifreiðaskoðun Íslands hf., nr. 1 5. janúar 1990.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. maí 1991.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Jón Thors.